



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 25. mars 2019 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:05 - 20:45.

Mætt voru: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Gunnar Smári Egilsson, Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Kolbeinn H. Stefánsson og Viggó K. Jóhannsson. Katrín Baldursdóttir, Jóhann Helgi Heiðdal og Hjalti Hrafn Hafþórsson voru með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar er samþykkt.

2. Sósíalistáping

Rætt var um boðun mismunandi hópa á þingið og að hún verði að vera skilvirk.

3. Verkefni stjórnarmanna

Stjórnarmenn hafi í huga hvaða verkefni þeir geti tekið að sér.

4. Maístjarnan

Ákveðið var að Maístjarnan verði aðgeind frá flokknum í maí.

5. Fjárhagur flokks og Maístjörnu, staða á reikningum

Flokkurinn: 13.316 kr., Maístjarnan: 1.583.659 kr.

6. Önnur mál.

Bogi Reynisson kom sem gestur og kynnti tilboð í hljóðkerfi og tjald okkur stendur til boða og nefnt var á síðasta fundi. Kerfið kostar 450.000 kr. Við leigðum það fyrir Hungurgönguna síðasta laugardag á 50.000 kr. sem ganga upp í verðið ef við kaupum það. Tjaldið kostar 250.000 kr. en það var þá leigt á 45.000 kr. sem gengju líka upp í kaupverðið. Um það bil 100.000 myndi kosta að

kaupa það sem uppá hljóðkerfið vantar; mixer, míkrofóna, míkrofónstatíf og regnkápu. Hugmyndin var að Maístjarnan keypti. Það var samþykkt samhljóða.

Rætt var um mótmæli okkar og annarra undanfarið og hvort tilefni sé til að breyta áherslum.

Rætt var hvort við ættum að taka upp kröfur annarra hópa t.d. Öryrkjabandalagsins og Stúdentaráðs svipað og kröfur Starfsgreinasambandsins voru teknar upp.

Fundi slitið.